

Afbrotatölfræði

Janúar 2008

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


Á mynd 1 má sjá að hegningarlagabrot voru færri í janúar en árið 2007 en fleiri en í janúar 2005. Umferðarlagabrot voru einnig færri en í janúar í fyrra, eða 3.120 talsins. Skráð voru 140 fíkniefnabrot en þau voru yfir 160 í janúar 2006 og 2007.

Ef lítið er til aldurs þeirra sem teknir voru fyrir hraðakstursbrot í janúar 2006-2008 má sjá að í janúar 2006 var þriðjungur ökumanna á aldrinum 21-30 ára. Í janúar 2008 dreifast brotin hins vegar meira yfir aldursflokkana en flestir ökumenn voru á aldrinum 26-30 ára (12%). Að meðaltali 80% ökumanna voru karlar í janúar 2006-2008.


Í töflu 1 má sjá fjölda brota í nokkrum brotaflokkum. Athyglisvert er að brotin eru færri í janúar 2008 en í janúar í fyrra. Þannig var tilkynnt um 104 líkamsmeiðingar (217. og 218. gr. hgl.) til lögreglunnar í janúar 2007 en 86 tilkynningar bárust fyrsta mánuð þessa árs. Þá voru skráð um helmingi færri nytjastuldur (30 brot) en í janúar 2007 (59 brot).

Síðustu ár hafa tvær staðbundnar hraðamyndavélar verið í notkun á landinu. Önnur er færanleg á höfuðborgarsvæðinu og hin í Hvalfjarðargöngum sem telur með brotum á höfuðborgarsvæðinu. Í byrjun júlí 2007 voru teknar í notkun tvær stafrænar hraðamyndavélar í Hvalfjarðarsveit, sem er í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi, og um miðjan janúarmánuð (2008) voru teknar upp sams konar vélar í Fáskrúðsfjarðargöngum, sem er í umdæmi lögreglunnar á Eskifirði.

Á mynd 3 má sjá fjölda hraðakstursbrota sem skráð eru með hraðamyndavélum. Alls voru 373 brot skráð á höfuðborgarsvæðinu (þar af 10 í Hvalfjarðargöngum), 79 í Fáskrúðsfjarðargöngum og í Hvalfjarðarsveit voru brotin 780.




Mynd 1. Fjöldi brota í janúar 2006, 2007 og 2008 eftir tegund brots.



Mynd 2. Aldur grunaðra í hraðakstursbrotum í janúar 2006, 2007 og 2008.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar 2006, 2007 og 2008.

	Jan.08	Jan.07	Jan.06
Hraðakstursbrot	1.685	1.707	1.140
Þjófnaðarbrot	204	212	204
Eignaspjöll	266	294	225
Innbrot	212	290	161
Ölvun við akstur	115	134	147
Fíkniefnabrot	140	169	162
Áfengislagabrot	88	98	101
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	86	104	82
Akstur gegn rauðu ljósi	81	102	123
Nytjastuldur	30	59	32



Mynd 3. Hraðakstursbrot í janúar 2008 sem skráð voru með staðbundnum hraðamyndavélum.

Afbrotatölfræði

Janúar 2008

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í janúar 2006, 2007 og 2008 eftir umdæmum

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006
Akranes	18	16	7	130	133	152	3	3	1
Akureyri	71	74	54	100	150	198	10	7	9
Blönduós	5	1	2	30	129	47	2	1	0
Borgarnes	8	15	10	901*	202	94	5	4	4
Eskifjörður	10	12	5	101*	52	68	1	0	3
Húsavík	2	5	3	20	25	29	2	0	0
Hvolsvöllur	2	6	2	94	74	33	0	0	0
Höfuðborgarsvæðið	737	916	656	1312*	1.716	1.524	92	134	110
Sauðárkrúkur	10	5	7	15	78	25	0	0	0
Selfoss	40	45	31	84	248	239	6	3	7
Seyðisfjörður	4	3	4	28	70	55	0	1	2
Snæfellsnes	0	1	2	13	22	42	0	0	0
Suðurnes	70	73	96	201	346	281	16	15	19
Vestfirðir	9	10	11	26	33	18	3	1	5
Vestmannaeyjar	9	15	7	65	19	6	0	0	2
Alls	995	1.197	897	3.120	3.297	2.811	140	169	162

*Af 901 umferðarlagabroti í Borgarnesi 2008 voru 780 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

*Af 101 umferðarlagabroti á Eskifirði 2008 voru 79 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

*Af 1312 umferðarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu voru 373 hraðakstursbrot skráð með staðbundnum hraðamyndavélum

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota á árunum 2006-2008 eftir umdæmum.

Hegningarlagabrot voru almennt færri í umdæmunum í janúar þetta árið en í janúar 2007. Brotin voru þó fleiri en í fyrra á Akranesi, Blönduósi, Sauðárkróki og Seyðisfirði.

Þegar lítið er til umferðarlagabrota má sjá að fjöldi þeirra í Borgarnesi í janúar var 901 brot en 202 yfir sama tímabil í fyrra. Sams konar fjölgun varð á Eskifirði þar sem brotin voru 101 talsins en 52 í janúar 2007. Má rekja þessa fjölgun til stafrænu hraðamyndavélanna eins og áður hefur komið fram.

Fíkniefnabrot voru fleiri en í janúar í fyrra í átta umdæmanna en þeim hafði hins vegar fækkað á höfuðborgarsvæðinu þar sem brotin eru flest. Þar af leiðandi var heildarfjöldi fíkniefnabrota færri en síðustu tvö ár.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. febrúar 2008 og eru tölur fyrir árin 2007 og 2008 bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað, jafnvel þó skráning málanna fari fram á Snæfellsnesi. Er það breyting frá mánaðarskýrslum í júlí til desember 2007 þegar brotin voru skráð undir lögregluembættið á Snæfellsnesi.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.